

Bahá'í sumarskólinn 2011



Pema skólans er
„Umbreyting“

Bahá'í sumarskólinn verður haldinn í Reykjaskóla í Hrutafirði dagana 3.-7. ágúst

Þátttakendum er velkomið að mæta upp úr klukkan fjögur á miðvikudeginum. Þeir hafa þá nægan tíma til að koma sér fyrir og borða kvöldmat, áður en skólinn er settur klukkan 20:00. Skólanum lýkur svo um hádegi á sunnudag.

Dagskrá skólans

Fyrirlesarar skólans eru bresku hjónin Wendi og Moojan Momen. Moojan er þekktur bahá'í fræðimaður sem hefur skrifað margar bækur og ritgerðir um málefni sem tengjast bahá'í trúnni og íslam. Wendi hefur einnig skrifað bækur sem tengjast trúnni, þar á meðal um íhugun, fjölskyldulíf og einnig alfræðirit.



Moojan verður með fjóra fyrirlestra, fyrir hádegi. Hann kemur til með að fjalla um bahá'í samfélagið og breytingarnar sem orðið hafa á því í síðustu og núverandi fimm ára áætlun. Erindi hans bera yfirskriftina:

- Breytt menning (A Change of Culture)
- Völd og bahá'í samfélagið (Power and the Bahá'í Community)
- Dulhyggja og bahá'í samfélagið (Mysticism and the Bahá'í Community)
- Uppbygging siðmenningar (Building Civilisation)

Wendi verður með þrjá staka fyrirlestra, eftir hádegi. Yfirskrift þeirra er:

- Hugleiðsla - bahá'í nálgun (Meditation: A Bahá'í Approach).
- Frelsi sem fólgið er í bahá'í kenningunum (Freedom's Enshrined in the Bahá'í Teachings)
- Brátt verður ríkjandi skipulagi vafið saman og nýtt breytt út í þess stað. (Soon will the presentday order be rolled up, and a new one spread out in its stead)

Á sama tíma verður fjölbreytt dagskrá í boði fyrir börn og unglunga. Miðað er við inniveru að morgni, en útiveru eftir hádegi. Það er því mikilvægt að koma með fatnað við hæfi.

Í lok dags verður síðan boðið upp á vinnustofur. Þær eru hugsáðar sem samverustundir fyrir alla aldurshópa, en þó bera foreldrar ábyrgð á sínum börnum. Vinnustofurnar verða með fjölbreyttu sniði og vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi, hvort sem er úti eða inni. Kvölddagskrá tekur síðan við að loknum kvöldverði kl. 20.



Verð	Allan tímann	Dagur	Sólarhring
Ungmenni og fullorðnir (Fæddir fyrir 1998)	19.000 kr	3.600 kr	5.300 kr
Börn 6-12 ára (Fædd 1998–2004)	9.500	1.800 kr	2.700 kr
Börn 5 ára og yngri (Fædd 2005, eða síðar)	Frítt	Frítt	Frítt

Skráning og frekari upplýsingar

Á www.bahai.is er hægt að nálgast frekari upplýsingar um skólann. Þar er einnig að finna skráningareyðublað, sem þátttakendur eru beðnir að fylla út. Fyrir þá sem vilja stytta sér leið er einnig hægt að smella [hér](#).

Þeir sem ekki hafa aðgang að netinu geta skráð sig á skrifstofunni á Öldugötu (sími 567-0344) og fengið dagskrá og nánari upplýsingar sendar í pósti. Lokadagsetning til að skrá sig í skólann er **25. júlí**.

Vonandi sjá sem flestir átrúendur og vinir þeirra sér fært að mæta.

Með bahá'í kveðjum
Ragnheiður og Ólafur
skólastjórar sumarskólans